

# LÖG

## um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur laga þessara er að lögfesta evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Eftirlitskerfinu er ætlað að vernda hagsmuni almennings og fjármálamarkaðarins með því að stuðla að stöðugleika og heilbrigði fjármálakerfisins á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

*Evrópskar eftirlitsstofnanir.*

Evrópskar eftirlitsstofnanir samkvæmt lögum þessum eru eftirfarandi:

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA).
2. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA).
3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA).
4. Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB).

3. gr.

*Lögfesting.*

Ákvæði eftirfarandi reglugerða, eins og þær voru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2016, 200/2016, 201/2016 og 198/2016 frá 30. september 2016, sem eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 1–35, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1022/2013 frá 22. október 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) að því er varðar sérstök verkefni sem Seðlabanka Evrópu eru falin, sem eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 599–634 og bls. 354–363.
2. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlits-

- stofnunin), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 635–670.
3. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 671–706.
  4. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun Evrópska kerfisáhætturáðsins, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 343–353.

## 4. gr.

*Eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer nánar samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita ákvæðum þeirra laga við framkvæmd eftirlits og vegna samvinnu við Eftirlitsstofnun EFTA og evrópskar eftirlitsstofnanir samkvæmt lögum þessum.

## 5. gr.

*Upplýsingagjöf til evrópskra eftirlitsstofnana.*

Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, öðrum stjórnvöldum, einstaklingum og lögaðilum er heimilt að veita evrópskum eftirlitsstofnunum upplýsingar og gögn, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum eða öðrum lögum, vegna framkvæmdar eftirlits. Heimildin nær einnig til gagna sem háð eru þagnarskyldu samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eða á grundvelli annarra laga.

Evrópskum eftirlitsstofnunum er heimilt að veita Eftirlitsstofnun EFTA eða eftir atvikum öðrum stofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins aðgang að upplýsingum skv. 1. mgr. með sömu takmörkunum og þar greinir.

## 6. gr.

*Upplýsingagjöf til stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Stjórnvöldum, einstaklingum og lögaðilum er skylt að láta Eftirlitsstofnun EFTA, EFTA-dómstólnum eða eftir atvikum öðrum stofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins í té allar þær upplýsingar og gögn sem stofnunum þessum eru nauðsynleg til að þeim sé unnt að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.

Fjármálaeftirlitið getur krafist markaðsaðila um sömu upplýsingar og segir í 1. mgr. og getur sett skilafrest í því sambandi.

## 7. gr.

*Aðfararhæfi.*

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómar og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

8. gr.  
*Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.  
*Breyting á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum:* 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:  
Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja EES-samningsins, stofnunum EFTA og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á sviði fjármála-  
starfsemi, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, upplýsingar sem háðar  
eru þagnarskyldu skv. 13. gr. sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi  
aðila á fjármálamarkaði og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja  
lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi  
þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki eða hjá viðkomandi stofnun. Þagnarskylda skv. 1. mgr.  
13. gr. gildir um hliðstæðar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöld-  
um annarra aðildarríkja, stofnunum EFTA og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á sviði  
fjármálastarfsemi.
2. *Lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum:* Við 35. gr. laganna  
bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Seðlabanka Íslands er heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja EES-  
samningsins, stofnunum EFTA og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á sviði fjármála-  
starfsemi, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, upplýsingar sem háðar  
eru þagnarskyldu skv. 1. mgr. sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi  
aðila á fjármálamarkaði og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja  
lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi  
þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki eða hjá viðkomandi stofnun. Þagnarskylda skv. 1. mgr.  
gildir um hliðstæðar upplýsingar sem Seðlabanki Íslands fær frá eftirlitsstjórnvöldum  
annarra aðildarríkja, stofnunum EFTA og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á sviði fjár-  
málastarfsemi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Benedikt Jóhannesson.*